

**Ed.**

## **78. Nefndarálit**

um frv. til laga um utanfararstyrk presta.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga með nokkrum breytingum.

Nefndin telur rétt, að frikirkjuprestar geti fengið utanfararstyrk, engu síður en þjóðkirkjuprestar, og fellir því burt úr frv. það orð, sem bindur styrkinn við þjóðkirkjupresta eina.

Pá lítur nefndin svo á, að heppilegt sé, að utanfarir presta séu farnar í samráði við væntanlegt kirkjuráð, sem miklar líkur eru til, að verði skipað þeim mönnum, er gefið gætu góðar og heppilegar leiðbeiningar um ferðir prestanna, til þess að þær kæmu þeim að sem allra mestu gagni.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

### **BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »allt að 5 prestum þjóðkirkjunnar« komi:  
2—5 prestum.

2. — 2. — Greinin orðist svo:

Styrkur samkvæmt 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði erlendis, til að kynnst þar kirkju- og menntalífi eða mannúðarmálum í samráði við kirkjuráð, þegar sett verður. Skal hann síðan flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefir kynnt sér í utanför sinni, og skal að minnsta kosti eitt þeirra birt á prenti eða flutt í útvarp.

3. Við 4. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Nú verður þjónustu nágrannaprests alls eigi komið við, að dómi kirkjustjórnar, og sér hún þá prestakallinú fyrir prestsþjónustu.

Alþingi, 2. marz 1931.

Jón Jónsson,  
form.

Guðrún Lárusdóttir,  
frsm.

Erlingur Friðjónsson,  
fundaskrifari (með fyrirvara).